

63. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

64. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni, að hann hafi borgað gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða.

65. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt 14. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

66. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 25000 krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Ísafjarðar.

67. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 100 10. ágúst 1955 með breytingu nr. 223 30. desember 1960.

Samgöngumálaráðuneytið, 29. maí 1964.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um framboð til kjörs forseta Íslands.

Frestur til að skila framboðum til kjörs forseta Íslands, er fram á að fara 28. júní 1964, rann út laugardaginn 23. þ. m.

Í kjöri til forsetaembættisins er aðeins einn: Ásgeir Ásgeirsson, núverandi forseti Íslands.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36 12. febrúar 1945, sbr. lög nr. 39 26. apríl 1963.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. maí 1964.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.